



Efnahags- og viðskiptanefnd,
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8.2.2021

Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalegir hvatar fyrir lögaðila sem starfa til almannaheilla), 151. löggjafarþing 2020-2021. Þskj. 416-342. mál.

Íslandsdeild Amnesty International fagnar fyrirhuguðum breytingum á lögum í þeim tilgangi að skapa skattalega hvata fyrir lögaðila og einstaklinga til að styrkja og efla starfsemi almannaheillafélaga.

Þess ber að geta að Íslandsdeild Amnesty International barst ekki umsagnarbeiðni frá efnahags- og viðskiptanefnd vegna málsins og hafði því knappan tíma til að vinna þessa umsögn.

Íslandsdeild Amnesty International tekur undir umsögn Barnaheilla í meginatriðum. Svo sem eftirfarandi:

„Barnaheill styðja þær hugmyndir sem fram eru komnar um breytingar á lögum og um þær leiðir sem lagðar eru til. Samtökin hvetja þó Alþingi til að stíga skrefinu lengra í því að veita almannaheillafélögum undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts, með því að undanskilja alfarið, ekki einungis tímabundið, hvers kyns sölu á varningi eða þjónustu almannaheillafélaga frá greiðslu virðisaukaskatts þar sem gera má ráð fyrir að sala sem fram fer á vegum almannaheillafélaga sé gerð í fjáröflunartilgangi en ekki í hagnaðarskyni.“

Samtökin taka einnig undir umsögn Barnaheilla er varðar endurgreiðslu innskatts og telur ákjósanlegt að úrræðið væri útfært með þeim hætti að almannaheillafélögum yrði endurgreiddur innskattur sem greiddur er við kaup á ýmissi annarri þjónustu, ekki einungis vegna mannvirkjagerðar.

Íslandsdeild Amnesty International telur þó að ekki sé vænlegt að takmarka lögini með þeim hætti sem gert er í 1. gr. frumvarpsins þar sem upptalningin er ekki tæmandi yfir starfsemi þeirra lögaðila sem starfa til almannaheilla og falla undir þriðja geirann. Slík flokkun á starfsemi getur valdið ómálefnanlegri útilokun í ljósi þess að markmið frumvarpsins er að efla og auka skattalega hvata til þeirra lögaðila í þriðja geiranum sem starfa til almannaheilla og einstaklinga og fyrirtækja sem ákveða að leggja starfinu lið með gjöfum eða fjárframlögum.

Virðingarfyllst,

Anna Lúðvíksdóttir

Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International